

# SAMÞYKKTIR KAUPFÉLAGS BORGFIÐINGA

## 1. KAFLI

### Heiti félagsins, markmið og starfssvæði.

#### 1. grein

Félagið heitir Kaupfélag Borgfirðinga. Skammstafað K.B. Heimili þess og varnarþing er í Borgarbyggð.

#### 2. grein.

Tilgangur félagsins er:

- Að annast hverskonar viðskipti og þjónustu fyrir félagi og aðra svo sem nánar er kveðið á um í samþykktum þessum, eða félagsfundur ákveður á hverjum tíma.
- Að efla atvinnu- og menningarlíf í héraðinu með beinni eða óbeinni þátttöku félagsins svo sem stjórn þess og félagsfundur telja hentast hverju sinni.
- Að styrkja framtíð félagsins með því að treysta fjárhag þess eftir föngum.
- Að viðhalda og útbreidda þekkingu almennings á samvinnustefnu og aðferðum samvinnuhugsjónarinnar við að leysa félagsleg viðfangsefni.

#### 3. grein.

Aðalstarfssvæði félagsins nær yfir Borgarfjarðarsýslu norðan Skarðsheiðar, Mýrasýslu, Snæfellsness- og Hnappadalssýslu sunnan heiða. Verði veruleg viðskipti við aðila utan félagssvæðisins og fram koma almennar óskir um stofnun deilda, er stjórn KB heimilt að fengnu samþykki tveggja þriðju hluta fulltrúafundar að stofna félagsdeildir með fullum réttindum.

## II. KAFLI

### Aðild og ábyrgð félagsmanna.

#### 4. grein.

Inngöngu í félagið fá konur og karlar sem eru fjárráða og undirrita yfirlýsingu um að þeir hlíti samþykktum félagsins eins og þær eru á hverjum tíma. Einnig lögaðilar sem félagsstjórn samþykkir að fái aðild. Ófjárráða fólk 14 ára og eldra getur fengið inngöngu, fái það ábyrgðarmann, sem kaupfélagsstjóri metur gildan. Félagisstjórn getur synjað manni inngöngu ef henni virðist ástæða til, en umsækjandi getur borið mál sitt undir félagsfund.

#### 5. grein.

Við inngöngu í félagið greiða menn aðildargjald kr. 500,- sem breyta má til samræmis við almennar verðlagsbreytingar. Úrsögn úr félaginu skal vera skrifleg og sendist aðalskrifstofu þess. Við brottflutning af félagssvæðinu fellur félagsaðild niður, nema viðkomandi félagsmaður sæki um að verða skráður í félagsdeild.

#### 6. grein.

Félagar bera ekki ábyrgð á félaginu og skuldbindingum þess nema með stofnsjóðsinnstæðum sínum og aðildargjaldi.

#### 7. grein.

Félagisstjórn lætur halda félagaskrá, sem varðveitt er á skrifstofum félagsins og er hún öllum opin. Nöfnum nýrra félaga skal bæta við hana jafnskjótt og þeir hafa gengið í félagið og þau numin brott ef þeir ganga úr félaginu, andast eða flytja brott af félagssvæðinu sbr. 5. gr. Dagsetning þessara atriða skal skráð í félagaskrána. Félagaskrá skal skipt eftir félagsdeildum, sbr. ákvæði 9. greinar.

#### 8. grein.

Ef félagi vísitandi vinnur gegn hagsmunum félagsins eða brýtur gegn ákvæðum laga nr. 22/1991 um samvinnufélög getur stjórn vísað honum úr félaginu.

Félagi sem gerður er brottrækur getur skotið máli sínu til næsta félagsfundar félagsins til úrskurðar.

## III. KAFLI

## Skipulag félagsdeilda.

### 9. grein.

Félagið er deildaskipt. Breytingar á deildum skal bera undir fundi í viðkomandi deildum og aðalfund. Hver félagi skal skráður í einhverja deild félagsins og má eigi telja sig nema til einnar deildar á sama reikningsári félagsins. Félagsaðila má veita inngöngu í aðra deild en heimilisfang hans segir til um, ef stjórn félagsins leyfir. Færri en 20 félagar geta ekki myndað deild. Nú eru aðilar í einhverri deild færri en 20 þrjú ár í röð og sameining við aðra deild hefur ekki verið ákveðin skal aðalfundur í samráði við heimamenn ákveða að hún sameinist annarri deild.

### 10. grein.

Aðalfund deilda skal halda fyrir aðalfund félagsins. Á þeim fundi mætir kaupfélagsstjóri eða fulltrúi hans og gerir grein fyrir afkomu félagsins og framtíðarhorfum. Aukafundi skal halda þá er deildarstjóri telur þörf á, og ef 10% kjörinna fulltrúa eða félagsaðila krefst þess skriflega og greinir fundarefni. Fundur er lögmætur ef hann er boðaður sannanlega með minnst viku fyrirvara. Á <sup>TM</sup>aðalfundi deildarinnar skal ræða deildarmálefni og hver önnur félagsmál sem heyrja undir álit og tillögur deildarmanna. Á deildarfundum hafa allir félagar málfrelsi, tillögurétt og atkvæðisrétt. Félagi getur gefið öðrum manni umboð til þess að fara með atkvæði sitt. Þó getur enginn farið með meira en eitt atkvæði á fundum félagsdeilda, auk síns eigin. Sá sem fer með atkvæði lögaðila á félagsfundum skal hafa til þess skriflegt umboð ekki eldra en þriggja mánaða. Stjórnarmenn og fulltrúar félagsstjórnar hafa rétt til þess að mæta á deildarfundum og taka þátt í umræðum.

### 11. grein.

Á aðalfundi deilda skal kosinn skriflegri kosningu deildarstjóri og annar til vara sem gengur að öllu í stað hins ef hann hindrast á einhvern hátt. Kosning þeirra gildir til næsta aðalfundar deildarinnar. Þegar deildarstjóraskipti verða tekur hinn nýi deildarstjóri þegar við öllum störfum er stöðunni fylgja. En fráfarandi deildarstjóri skal gera full skil fyrir störfum sínum. Gerðabækur deildanna skulu jafnskjótt og þær eru teknar úr notkun varðveittar á Héraðsskjalasafni Borgarfjarðar.

### 12. grein.

Störf deildarstjóra eru einkum þessi:

- Hann boðar til funda í deildinni og stjórnar þeim, ber þar upp þau málefni er deildina varðar og undir hennar atkvæði heyrja.
  - Hann rekur erindi er kaupfélagsstjóri felur honum í umboði félagsins innan deildarinnar.
  - Hann fylgist með að fulltrúar mæti á fulltrúafundum og boðar varamenn þeirra sem forfallast.
  - Hann fylgist með félagaskrá deildarinnar og leitast við að afla félaginu nýrra félaga.
- Fyrir störf sín fær deildarstjóri þóknun er félagið greiðir eftir ákvörðun aðalfundar.

### 13. grein.

Hver deild sendir einn fulltrúa á fundi félagsins fyrir allt að 20 fyrstu deildarfélaga frá 20 að 100 einn fyrir hverja 20 félaga. Frá 101 til 500, einn fyrir hverja 25 félaga. Frá 501 og uppúr, einn fyrir hverja 50 félaga. Þegar brot af þessum tölum fer yfir helming í hverri deild, skal koma einn fulltrúi til viðbótar. Þó má ein deild aldrei hafa hreinan meirihluta þeirra fulltrúa sem rétt eiga til setu á fundum félagsins. Deildarstjóri er sjálfkjörinn fyrsti fulltrúi en séu fulltrúar fleiri skulu þeir kosnir skriflega á aðalfundi deildarinnar til eins árs í senn.

Stjórnarmenn og varastjórnarmenn má ekki kjósa sem deildarstjóra eða deildarfulltrúa. Hver deild skal þegar að lokinni kosningu fulltrúa á aðalfund tilkynna kjörið til skrifstofu K.B.

## IV. KAFLI.

## **Skipulag félagsstjórnar. Félagsfundir.**

### **14. grein.**

Félagsfundur hefur æðsta vald í málefnum félagsins og tekur þær ákvarðanir um starfsemi félagsins sem þörf er á. Aðalfundur skal boðaður deildastjórum og fulltrúum félagsdeilda skriflega með minnst viku fyrirvara og haldinn fyrir 10. maí ár hvert. Aukafundur getur félagsstjórn boðað þegar henni þykir þess þörf, hann skal boðaður með sama hætti og aðalfundur. Ennfremur er stjórninni skylt að boðað til aukafundar ef 10% kjörinna fulltrúa eða þriðjungur félagsdeilda krefst þess skriflega og greinir fundarefni. Hafi stjórnin eigi boðað til slíks fundar innan 14 daga frá því krafa um fund barst, skal með farið svo sem kveður á í 19. grein laga nr. 22/1991. Aðalfundur er lögmætur ef að minnsta kosti helmingur kjörinna fulltrúa sækja fundinn. Nú er boðaður aðalfundur ekki lögmætur og skal þá boðað til annars fundar innan þriggja vikna og er sá fundur lögmætur án tillits til fundarsóknar. Aukafundur er lögmætur ef réttilega er til hans boðað. Dagskrá skal jafnan greina í fundarboði.

Á aðalfundi skal taka fyrir eftirfarandi mál:

1. Skýrslu stjórnar.
2. Skýrslu kaupfélagsstjóra.
3. Skýrslu löggilts endurskoðanda.
4. Afgreiðsla ársreikninga félagsins.
5. Tillögur stjórnar, félagsdeilda og fundarmanna.
6. Ákvörðun um ráðstöfun hagnaðar eða taps.
7. Ákvörðun um laun kjörinna trúnaðarmanna félagsins og félagsdeilda.
8. Kosningu stjórnar og annarra trúnaðarmanna félagsins.
9. Umræður og fyrirspurnir um þau mál önnur er löglega eru fram borin á fundinum sbr. lög nr. 22/1991.
10. Afgreiðsla fundargerða.

Á fundi eiga sæti auk deildafulltrúa, félagsstjórnin, endurskoðendur og kaupfélagsstjóri. Allir fundarmenn hafa málfrelsi og tillögurétt en fulltrúar einir atkvæðisrétt. Félagar hafa aðgang að fulltrúafundum og hafa þar málfrelsi og tillögurétt, að fengnu samþykki fundarins hverju sinni. Úrslitum mála á félagsfundum ræður afl atkvæða nema þar sem lög eða félagssamþykktir mæla fyrir um aukinn meirihluta. Félagsfundur kýs fundarstjóra og fundarritara. Fundargerðir eru ritaðar í sérstaka fundargerðabók. Reglur um tilhögun á félagsfundum skulu settar í fundarsköpum er stjórnin semur og aðalfundur samþykkir. Þar skal vera regla um hvernig atkvæðagreiðslum á félagsfundum skal háttáð.

### **15. grein.**

Stjórn félagsins skal skipuð 5 mönnum. Skulu þeir kosnir á aðalfundi og sömuleiðis 3 til vara. Stjórnarmenn og varastjórnarmenn skulu kjörnir á hverjum aðalfundi. Varastjórnarmenn taka stjórnarsæti í þeirri röð sem atkvæðafjöldi segir til um. Allir félagsmenn eru skyldir að taka kosningu eitt kjörtímabil, og ef þeir skorast ekki undan má endurkjósa þá svo oft sem vill. Kosning stjórnarmanna skal bundin við fram komnar tilnefningar. Engan má kjósa í stjórn nema hann sé aðili að félaginu. Stjórnin kýs formann, varaformann og ritara úr sínum hópi til eins árs í senn. Formaður kveður til funda og stjórnar þeim.

Stjórnarfundur er lögmætur ef meira en helmingur stjórnarmanna er á fundi. Úrslitum mála ræður afl atkvæða, en séu þau jöfn, ræður atkvæði formanns. Allar fundargerðir stjórnarinnar skulu ritaðar í gerðabók og skrifa viðstaddir stjórnarmenn undir þær.

Stjórnin boðar til félagsfunda og undirbýr fundarmálefni, framkvæmir fundarályktanir og annast störf milli funda. Leggur fyrir aðalfund til úrskurðar endurskoðaða reikninga félagsins fyrir næsta ár á undan. Lætur hafa eftirlit með húsum, áhöldum og öðrum eignum félagsins, gætir hagsmuna þess í öllum greinum og getur leitað aðstoðar landslaga og réttar í málefnum félagsins ef þörf krefur.

Félagsstjórnin fylgist með því að nægilegt eftirlit sé með bókhaldi félagsins og fjárreiðum. Hún gætir hagsmuna þess út á við og svarar fyrir þess hönd fyrir dómstólum. Félagsstjórnin veitir kaupfélagsstjóra og öðrum þeim starfsmönnum félagsins er hún telur nauðsyn til bera prókúumboð fyrir félagið.

### **16. grein.**

Félagsstjórnin skal halda fund með deildarstjórum þegar og ef hún telur þörf á. Stjórnin skal þá ef við verður komið skýra frá nýmælum um rekstur og frá framkvæmdum sem gerðar hafa verið frá aðalfundi og fyrirhugaðar eru á næstunni.

## **Kaupfélagsstjóri.**

### **17. grein.**

Stjórn félagsins ræður því kaupfélagsstjóra (framkvæmdastjóra) og felur honum daglegan rekstur félagsins og þau af störfum sínum er henni sýnist og lög heimila. Stjórnin gerir skriflegan samning við kaupfélagsstjóra um starfssvið hans og kjör. Skal samningur sá vera uppsegjanlegur af beggja hálfu með þeim fyrirvara sem aðilar koma sér saman um, þó að hámarki sex mánaða fyrirvara, nema brotið sé alvarlega gegn ákvæðum hans, samþykktum þessum eða landslögum. Undir slíkum kringumstæðum getur stjórnin vikið kaupfélagsstjóra fyrirvaralaust frá störfum.

Kaupfélagsstjóri ræður annað starfslíð félagsins og segir því upp störfum. Hann hefur samráð við stjórn félagsins um ráðningu í stjórnunarstöður.

Kaupfélagsstjóri hefur ekki heimild til ráðstafana er teljast óvenjulegar eða mikilsháttar án samráðs við stjórn félagsins nema ekki sé unnt að bíða ákvarðana félagsstjórnar án verulegs óhagræðis fyrir starfsemi félagsins. Í slíkum tilvikum ber kaupfélagsstjóra að tilkynna stjórninni þegar í stað um ráðstöfunina. Kaupfélagsstjóri má ekki eiga setu í stjórn félagsins. Hann sér um að ákvörðunum stjórnar félagsins sé framfylgt og gætir hagsmuna þess á öllum sviðum.

Kaupfélagsstjóri gerir aðalfundi ár hvert grein fyrir störfum sínum og stjórninni hvenær sem hún óskar þess.

## **Ábyrgð stjórnar og kaupfélagsstjóra.**

### **18. grein.**

Allir þeir samningar er stjórn eða kaupfélagsstjóri gerir fyrir hönd félagsins samkvæmt samþykktum þessum eða ályktunum félagsfundar eru bindandi fyrir félagsheildina og hvern einstakan félag. Stjórnendur 3 saman rita firma félagsins. Stjórn og kaupfélagsstjóri bera ábyrgð gerða sinna fyrir aðalfundi, stjórnendur einn fyrir alla og allir fyrir einn, nema sá er látið hefur bóka ágreiningsatkvæði í gerðabók félagsins.

## **Endurskoðun.**

### **19. grein.**

Aðalfundur kýs félaginu löggiltan endurskoðanda eða endurskoðunarfélag. Hann skal ekki taka að sér önnur störf fyrir félagið. Um hæfniskröfur og störf endurskoðanda vísast til VII. kafla laga nr. 144/1994 um ársreikninga og samvinnufélagalaga nr. 22/1991.

## **V. KAFLI**

### **Ársreikningur félagsins og ársskýrsla stjórnar.**

### **20. grein.**

Reikningsár félagsins er almanaksárið. Stjórn og kaupfélagstjóri skulu á hverju reikningsári semja í samræmi við lög nr. 144/1994 ársreikning fyrir félagið og skal hann hafa að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, fjárstreymisýfirlit og skýringar. Jafnframt skal gerður samstæðureikningur fyrir K.B. og þau félög sem það er eigandi að með þeim hætti að eignaraðildin geti haft úrslitaáhrif á ákvarðanatöku í félaginu. Þá skal samin skýrsla stjórnar fyrir liðið starfsár. Ársreikningur og samstæðureikningur skulu undirritaðir af stjórn félagsins og framkvæmdastjóra. Ársreikningur félagsins skal liggja frammi á aðalskrifstofu félagsins minnst viku fyrir aðalfund.

### **21. grein.**

Á aðalfundi flytur stjórnarformaður skýrslu stjórnar um starf hennar frá síðasta aðalfundi. Hann gerir þar grein fyrir bókuðum fundum stjórnarinnar, helstu ákvörðunum og þeim atriðum öðrum er varða afkomu félagsins og stöðu þess. Þar er einnig gerð grein fyrir slíkum atriðum er fram hafa komið frá lokum reikningsársins til þess tíma er aðalfundur er haldinn.

Einnig skal upplýst um fjölda félaga og breytingar á félagaskrá. Í ársskýrslu kaupfélagsstjóra skal gerð grein fyrir fjölda starfsmanna, heildarfjárhæð launa og þóknana til starfsmanna félagsins og stjórnar og öðrum þeim atriðum er varða rekstur félagsins og félagsstjórn felur honum.

## **22. grein.**

Tekjuafgangi í ársreikningi félagsins ráðstafar aðalfundur samkvæmt ákvæðum laga og samþykktum félagsins. Heimilt er með samþykki aðalfundar að færa tekjuafgang að nokkru leyti eða öllu til næsta árs.

## **VI. KAFLI.**

### **Sjóðir og veltufé.**

## **23. grein.**

Minnst tíu hundradshluta þess hagnaðar sem ekki fer til þess að jafna hugsanlegt tap fyrri ára og ekki er lagður í aðra lögbundna sjóði skal leggja í varasjóð félagsins uns varasjóður nemur tíu hundradshlutum af fjárhæð stofnsjóðs. Þegar því marki hefur verið náð skulu framlög vera minnst fimm hundradshlutar þar til sjóðurinn nemur einum fjórða hluta af fjárhæð stofnsjóðs.

Heimilt er að nota varasjóð til að jafna tap sem ekki er unnt að jafna með öðrum hætti.

## **24. grein.**

. Í stofnsjóð skal leggja aðildargjald félagsaðila og ennfremur þann hluta hagnaðar sem aðalfundur ákveður. Árlega skal vaxtareikna og verðbæta stofnsjóð.

Að jafnaði skal hafa til viðmiðunar almenna sparisjóðsvexti og verðbætur í samræmi við almennar verðbreytingar í þjóðfélaginu og bætast vextir og verðbætur við höfuðstól.

Stofnsjóð skal nota við allan rekstur félagsins. Stofnsjóðseign hvers aðila skal koma til útborgunar:

- a. Við andlát hans.
- b. Við brottflutning hans af félagssvæðinu, enda gangi hann úr félaginu.
- c. Við slit félags sem aðild á að KB.

Þá getur félagsmaður fengið stofnsjóðseign sína útborgaða vegna varanlegrar örorku og við 70 ára aldur ef hann óskar þess enda þótt hann haldi áfram þátttöku í félaginu. Aldrei má þó greiða út stofnsjóðseign fyrir en eigandi hefur innt af hendi allar skuldbindingar sínar við félagið.

Að öðru leyti er stofnsjóðsfé úppsegjanlegt og hlutdeild félaga í stofnsjóði er ekki framseljanleg og hún stendur ekki til fullnustu fjárkröfum skuldheimtumanna.

## **VII KAFLI**

### **Ýmis ákvæði.**

## **25. grein**

Ágreiningur milli félagsins og félagsaðila út af ákvæðum þessara samþykta eða reglugerða sem settar eru samkvæmt þeim skal úrskurðaður af þriggja manna gerðardómi sem í eru tveir menn skipaðir sinn af hvorum aðila og formaður tilnefndur af héraðsdómara þar sem félagið er skrásett.

## **26 grein**

Sé félaginu slitið án gjaldþrotaskipta skal andvirði eigna þess ávaxtað í Söfnunarsjóði uns annað félag með svipuð markmið verði stofnað á félagssvæðinu eða stórum hluta þess.

Að öðru leyti skal um skrásetningu félagsins og félagsslit fara að lögum um samvinnufélög nr.

22/1991. Sama er um öll önnur atriði sem ekki eru tekin fram í samþykktum þessum en ákvæði eru um í lögum.

## **27. grein**

Um breytingar á samþykktum þessum fer samkvæmt ákvæðum XIV. kafla laga nr. 22/1991.

## **28. grein**

Hér með eru úr gildi numdar samþykktir félagsins frá 12. maí 2001. Samþykktir þessar eru gerðar á aðalfundi Kaupfélags Borgfirðinga 26. mars 2003 og breytt á aðalfundir þann 28 apríl 2005.

### **Niðurlagsákvæði**

Stefnt skal að sameiningu smærri deilda félagsins. Á meðan slík sameining hefur ekki náð fram að ganga er stjórn heimilt að boða til sameiginlegra deildarfunda á félagssvæðinu. Skal á þeim fundum haldin ein fundargerð fyrir hvern fund.

Í stjórn Kaupfélags Borgfirðinga svf

Þorvaldur T. Jónsson

Guðbjartur Guðmundsson

Guðrún Sigurjónsdóttir

Pétur Geirsson

Guðbrandur Guðbrandsson.